

DKG – Betadeild

Óhefðbundinn fundur miðvikudaginn 19. mars 2025

Undirbúningshópur: Aníta, Drífa, Erna og Hugrún

Fundurinn var óhefðbundinn, án formlegrar dagskrár. Sextán Betasystur mættu klukkan 19 í menningarhúsið Hof, þar sem Kristín Sóley Björnsdóttir viðburðastjóri tók á móti hópnum. Hún kynnti þá fjölbreyttu starfsemi sem fram fer í Hofi og leiddi hópinn í skoðunarferð um húsið. Betasystur fengu að sjá sali hússins, sem hýst geta menningarstarfsemi, samkomur og viðburði af ýmsum toga. Leiðin lá einnig um vinnurými og geymslur baksviðs, skrifstofugang og misstór fjölnota herbergi. Sum þeirra nýttast einnig Tónlistarskólanum, sem hefur aðsetur sitt í Hofi. Kristín Sóley var mjög fróð um sögu hússins, hlutverk þess og mikilvægi í menningarlífi bæjarins og svaraði greiðlega spurningum áhugasamra Betasystra.

Að skoðunarferð lokinni voru veitingar fram reiddar á Móa Bistro, sem sér um veitingasölu í Hofi. Boðið var upp á léttan pinnamat á kr. 3.940. Að venju áttu Betasystur notalega stund og gott spjall áður en þær héldu hver til síns heima.

Ritari: Selma